

Alþingi nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.02.2007

Tilv. 40.13

JP/gg

Umsögn um frumvarp til laga um tæknifrjövgun, 530. mál, stofnfrumurannsóknir

Þann 15. þ.m. barst LSH bréf nefndasviðs Alþingis, dags. 12. þ.m., varðandi umsögn um mál 530, sem er frumvarp til laga um breytingu á l. 55/1996 um tæknifrjövgun.

Frestur til að gefa umsögn var til 19. þ.m. en var framlengdur til 23.þ.m. LSH ákvað að vísa þessu frumvarpi til siðfræðinefndar LSH og vísindaráðs LSH sem hafa kynnt sér efni frumvarpsins.

Í umsögnum þeirra kemur fram að bæði siðfræðinefnd og vísindaráð telja frumvarpið afar vel unnið, byggt á bestu þekkingu og bæti gildandi lög og setji skýra umgjörð um þetta mál. Frumvarpið sé metnaðarfullt og muni gagnast læknávisindunum afar vel. Mæla báðir þessir aðilar með samþykkt frumvarpsins.

Með vísan til umsagnar siðfræðinefndar LSH og vísindaráðs LSH mælir LSH eindregið með framgangi máls 530, stofnfrumurannsóknir, um breytingu á l. 55/1996.

Virðingarfyllst


Magnús Pétursson, forstjóri

Meðf.: Umsagnir siðfræðinefndar og vísindaráðs LSH



Gísli H
Sigurðsson/SGS/Landspítali
/IS
23.02.2007 09:10

To jgunnars@landspitali.is, palmason@landspitali.is
cc
bcc
Subject Frumvarp til laga um tæknifrjófgun, 530. mál,
stofnfrumurannsóknir

Jóhannes M Gunnarsson
Lækningaforstjóri
LSH


23 FEB. 2007
MÓTTEKIÐ

Sæll Jóhannes

Frumvarp til laga um tæknifrjófgun, 530. mál, stofnfrumurannsóknir

Ég hef farið vandlega yfir frumvarpið og auk þess rætt það við samstarfsmenn sem vel þekkja til.

Niðurstaðan er eftirfarandi:

Frumvarpið er vandað og metnaðarfullt og mun gagnast læknavísindunum vel.

Því ber að fagna því og mæla með að það verði samþykkt.

Með kveðju


Gísli H Sigurðsson
Formaður Vísindaráðs LSH

Prófessor og yfirlæknir
Svæfinga- og gjörgæsiudeild
Landspítali háskólasjúkrahús, Hringbraut
IS 101 Reykjavík
Ísland
Fax 00354 543 7346
e-mail gisllhs@lsh.is

Rvk 23. feb 2007

Efni: Frumvarp um breytingar á lögum nr 55/1996 um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Jóhannes Pálmason

Yfirlögfræðingur LSH

Ekki var unnt að fjalla ýtarlega um ofangreint frumvarp á þeim stutta tíma sem gafst, en siðfræðinefnd Landspítalans hefur farið yfir góðar athugasemdir, sem eru ítarlegar, fræðandi og byggðar á alþjóðlegri þekkingu.

Lagabreyting þessi er forsenda þess að þeim lagalega grundvelli verði komið á er fjallar um þau siðfræðilegu ágreiningsefni sem að stofnfrumurannsóknum snúa.

Stofnfrumulínurannsóknir (með notkun kynfruma og fósturvísa) eru til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Í frumvarpinu kemur fram að vísindasiðanefnd Íslands hefur þar lokaorð og ákvörðun hvort skilyrðum laga og reglna sé fullnægt og veitir heimild til slíkra stofnfrumurannsókna

Efni frumvarpsins fjallar um helstu álitafni er snýr að heimild að nota fósturvísa til að búa til stofnfrumulínur og hvort eftir atvikum eigi að leyfa kjarnaflutning i læknisfræðilegum tilgangi og er ekki talin ástæða að setja hömlur við slíkum rannsóknum hvorki frá siðfræðilegu né vísindalegu sjónarmiði enda hafa slíkar rannsóknir með notkun innfluttra stofnfrumulína í reynd verið leyfðar hér á landi með samþykki vísindasiðanefndar. En efni frumvarpsins lítur ekki að rannsóknum stofnfrumum sem slíkum. Það er tekið skýrt fram í 14gr frumvarpsins hvað sé óheimilt og er hvergi hvikað frá núgildandi lögum á banni við einræktun i æxlunartilgangi en rík alþjóðleg samstaða er um að slík sé óheimilt .

Fram kemur að fósturvísar hafa siðferðisgildi og þá beri að umgangast með aðgát og almennt á ekki að nota þá sem hráefni til rannsókna.

Varðandi undantekningar er stuðst við skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins en þar er að finna álit siðanefndar Evrópusambandsins (EGE, the European Group on Ethics) um hvaða siðfræðilegu sjónarmið skuli leggja til grundvallar við stofnfrumurannsóknir. Og fram kemur að við samningu frumvarpsins að öll grundvallaratriði EGE (the European Group on Ethics) voru höfð að leiðarljósi.

Sú nefnd sem samið hefur frumvarpið er skipuð hæfileikaríku fagfólki með breiða þekkingu og bakgrunn. Að okkar mati er frumvarpið vel unnið, byggt á bestu þekkingu, það bætir gildandi lög, setur skýrari umgjörð og skilmerkar skilgreiningar og leggur auk þess áherslu á að ráðherra setji skýrari reglur um framkvæmd laganna.

Í ljósi þessa veitir siðfræðinefnd jákvæða umsögn og mælir með að frumvarpið fái brautargengi.

Fyrir hönd siðfræðinefndar

Jón Eyjólfur Jónsson